

# Heilindi og gæði í viðskiptum

## INNGANGUR

Faxaflóahafnir sf. voru stofnaðar 1. janúar 2005. Fyrirtækið er í eigu Reykjavíkurborgar, sveitarfélagsins Borgarbyggðar, Akraneskaupstaðar, Skorradalshrepps og Hvalfjarðarsveitar. Faxaflóahafnir sf. eiga og reka fjórar hafnir: Akraneshöfn, Grundartangahöfn, Sundahöfn og Gömlu höfnina í Reykjavík auk hafnaraðstöðu í Borgarnesi.

- Akraneshöfn er fiskihöfn.
- Borgarneshöfn er aðstaða fyrir smábáta.
- Grundartangahöfn er iðnaðar- og flutningahöfn.
- Gamla höfnin er fiskihöfn, þjónustuhöfn fyrir skipaviðgerðir, móttökuhöfn fyrir smærri farþegaskip og hafsækna ferðaþjónustu.
- Sundahöfn er flutningahöfn en einnig notuð fyrir stærri farþegaskip.

Faxaflóahafnir sf. byggja á liðlega 100 ára hafnasögu, sem er í senn merkilegur og stór hluti sögu þeirra sveitarfélaga sem standa að fyrirtækinu. Án hafnar hefði búseta eflaust þróast með öðrum hætti í Reykjavík og á Akranesi, en saga byggðarinnar og atvinnulífs er nátengd hafnarstarfseminni. Faxaflóahafnir sf. eru lykilaðili í þróun, uppbyggingu og rekstri mikilvægra innviða flutninga og megingátt inn- og útflutnings landsins. Fyrirtækið þjónar því hlutverki að vera; sjávarútvegshöfn, flutningahöfn, ferðaþjónustuhöfn, afþreyingarhöfn og menningarhöfn. Sem flutningahöfn uppfyllir hún kröfur um öryggi og hafnavernd. Fjöl-breytt aðstaða og viðamikil atvinnulíf gefur sóknarfæri á mörgum sviðum athafna- og atvinnulífs og er þannig mikilvæg þeim sveitarfélögum sem eru eigendur fyrirtækisins.

## UMFANG

Umhverfis- og öryggisreglur Faxaflóahafna skilgreina hvernig haga á starfsemi á hafnarsvæðinu. Reglurnar eiga við starfsmenn, stjórn fyrirtækisins og að auki alla þá aðila sem fyrirtækið á í viðskiptum við, þ.e. viðskiptavini, verktaka, verkaupa, söluaðila, birgja og umboðsmenn. Reglurnar eiga einnig við öll samstarfsverkefni sem fyrirtækið tekur þátt í.

Fólk, skip og umhverfið eru mikil verðmæti og ábyrgðarhlutverk að tryggja öryggi þess. Allt starfsfólk og verktakar Faxaflóahafna bera ábyrgð á því að sinna störfum sínum ávallt með öruggum og umhverfislega ábyrgum hætti.

## ÖRYGGISSTEFNA

Faxaflóahafnir eru hafnarfyrirtæki og landeigandi sem leggur áherslu á öryggismál. Það felst m.a. í að vera leiðandi fyrirtæki í öryggismálum hafna og að vinna að umbótum í því skyni að auka öryggisvitund starfsmanna, viðskiptavina og þjónustuaðila sinna og lágmarka þannig þá áhættu sem felst í starfsemi á hafnarsvæðum.

Faxaflóahafnir eru með starfsemi á fjórum hafnarsvæðum þar sem umsvif fyrirtækisins og fyrirtækja sem starfa á hafnarsvæðunum krefjast sérstakra aðgátar og varúðar. Fyrirtækinu er umhugað um að öryggi og heilsa starfsmanna þess séu höfð í öndvegi.

Helstu áherslur Faxaflóahafna sf. í öryggismálum eru eftirfarandi:

- Að tryggja öryggi, lágmarka áhættu og stuðla að slysalausum vinnustað, svo allir komi heilir heim bæði á líkama og sál.
- Að tryggja virka þátttöku starfsfólks og stuðning stjórnenda varðandi öryggismál.
- Að þekkja og uppfylla kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.
- Að öryggismál verði höfð að leiðarljósi við hönnun og rekstur mannvirkja og svæða.
- Að reglulegt og markvisst eftirlit verði með ástandi vinnusvæða, mannvirkja, tækja og öryggisbúnaðar.
- Að leggja áherslu á öryggismál við kaup á vörum og þjónustu og stuðla þannig að framförum í öryggismálum á vinnurmarkaði.
- Að hvetja verktaka og rekstraraðila á hafnarsvæðum til að uppfylla og fara eftir viðurkenndum öryggiskröfum.
- Að innleiða vottað öryggisstjórnunarkerfi í samræmi við staðalinn ISO 45001 og vinna að stöðugum umbótum með því að draga lærdóm af og bæta úr því sem betur má fara.

Nánari upplýsingar um öryggisstefnu Faxaflóahafna má finna á heimasíðu fyrirtækisins:

<https://www.faxaflaohafnir.is/fyrirtaekid/skipulag/stefnur/>

## ÖRYGGISREGLUR

Í samræmi við öryggis- og vinnuverndarstefnu Faxaflóahafna sf. hafa verið gefnar út öryggisreglur sem gilda um vinnu á hafnarsvæðum Faxaflóahafna. Þessar öryggisreglur gilda jafnt fyrir starfsmenn Faxaflóahafna sem og verktaka er vinna á vegum hafnarinnar.

Við hvetjum rekstraraðila sem vinna á hafnarsvæðum Faxaflóahafna til þess að taka upp þessar öryggiskröfur hjá sér.

Hér fyrir neðan er samantekt á þessum reglum

- Sýnileikafatnaður (Sýnileikafatnaður, hjálmar og öryggisskór)
- Afmörkun vinnusvæða (Grindverk, keilur, borðar o.s.frv.)
- Persónuhlífar (Heyrnarhlífar, hlífðargleraugu, vinnuhanskar, rykgrímur, hlífar o.s.frv.)
- Vinna í hæð (Vinnupallur, karfa, trappa, fallvarnarbúnaður, persónuhlífar)
- Þjörgunarvesti (Við vinnu á sjó, við móttöku skipa, við / á bryggjukanti o.s.frv. Mikilvægt að nota klofólar)
- Ökutæki og vinnuvélar (Viðeigandi réttindi til staðar, viðvörunarljós á lokuðum hafnarsvæðum, bakka í stæði o.s.frv.)
- Áhættumat verkefna (Meta aðstæður og áhættu verkefna og þær afleiðingar sem verkefni gæti haft í för með sér)
- Skráning ábendinga og atvika (Skráning ábendinga fer fram í gegnum vef Faxaflóahafna, [www.faxaflaohafnir.is](http://www.faxaflaohafnir.is))

Nánari upplýsingar um öryggisreglur Faxaflóahafna má finna á heimasíðu fyrirtækisins:

<https://www.faxaflaohafnir.is/oryggis-og-umhverfisreglur>

Ef þörf er á að koma ábendingum eða tjónatilkynningum til skila vinsamlegast farið inn á heimasíðu Faxaflóahafna og skráið ábendingu inn þar. Hafið samband við öryggisfulltrúa Faxaflóahafna ef spurningar vakna. [oryggi@faxaflaoahafnir.is](mailto:oryggi@faxaflaoahafnir.is)

## UMHVERFISSTEFNA

Faxaflóahafnir sf. leggja áherslu á að vera leiðandi í umhverfismálum og vinna að umbótum, m.a. með því að auka umhverfivitund starfsmanna, viðskiptavina og þjónustuaðila sinna. Starfsemi fyrirtækja og einstaklinga á hafnarsvæðum Faxaflóahafna sf. veitir ákveðin réttindi, en þeim réttindum fylgja einnig skyldur. Þar á meðal eru skyldur á sviði umhverfismála, sem mikilvægt er að virða. Fyrirtækið á og rekur atvinnuhafnir og athafnasvæði og leggur áherslu á að starfsemi á þeim svæðum samræmist skipulagsáætlunum og stefnu eigenda í umhverfismálum. Í umhverfisstefnu Faxaflóahafna felst m.a. að uppfylla viðeigandi kröfur laga og reglugerða sem og framfylgja leiðsögn stjórnvalda og eigenda í umhverfismálum.

Helstu áherslur Faxaflóahafna sf. í umhverfismálum eru eftirfarandi:

- Að leggja sitt af mörkum til loftlagsmála.
- Að lágmarka umhverfisáhrif framkvæmda.
- Að draga úr áhrifum og hindra skaðlegar afleiðingar mengunar.
- Umgengni til fyrirmyndar.
- Að minnka úrgang og setja í réttan farveg það sem til fellur.
- Umhverfissjónarmiðum fylgt við afnot af mannvirkjum og aðstöðu.
- Að skipulag skili hagrænum ávinningi og virði umhverfissjónarmið.

Nánari upplýsingar um umhverfisstefnu Faxaflóahafna má finna á heimasíðu fyrirtækisins:

<https://www.faxaflaoahafnir.is/fyrirtaekid/skipulag/stefnur/>

## ÁHERSLA Á GÆÐI

Faxaflóahafnir eru með vottað stjórnunarkerfi í samræmi við staðlana ISO 14001, ISO 45001, ÍST 85. Vottanirnar eru viðurkenning á heildstæðri heilsu-, öryggis-, umhverfis- og jafnlaunastefnu fyrirtækisins. Kerfið byggir á öflugri áherslu á viðskiptavinum, hvatningu og ábyrgð æðstu stjórnenda, ferlisnálgun og umbótum.

Á meðal gæðastjórnunartóla Faxaflóahafna er eftirfarandi:

- Ferlar
- Rýni umhverfis-, öryggis- og jafnlaunaráðs
- Stefnum
- Rýni stjórnenda
- Umbætur / Úrbætur
- Forysta
- Viðbragðsáætlanir
- Upplýsingamiðlun
- Ábendingakerfi
- Atvikaskráningar

## LÖGGJÖF

Faxaflóahafnir fylgja viðeigandi lögum, reglugerðum og reglum. Faxaflóahafnir skuldbinda sig til að starfa eftir bestu stöðlum fagmennsku og siðferðis í sinni starfsemi. Faxaflóahafnir gera kröfu um slíkt hið sama frá samstarfsaðilum, viðskiptavinum, umboðsmönnum, verktökum og birgjum.

## AÐGERÐIR GEGN MÚTUM OG SPILLINGU

Faxaflóahafnir starfa samkvæmt lögum sem eiga að tryggja fyrirtækið, starfsemi þess og starfsfólk gagnvart lögbrotum í starfsemi og ósiðlegum aðgerðum. Faxaflóahafnir leggja áherslu á að vernda orðspor fyrirtækisins m.t.t. heiðarleika, heilinda og strangra siðferðisviðmiða. Faxaflóahafnir líða ekki mútur, svik, spillingu eða óheiðarleika í starfsemi sinni. Óheiðarleiki á sér ýmsar birtingarmyndir svo sem með beinum ólöglegum greiðslum, gjöfum t.d. í vöru eða þjónustu sem veitt er sem endurgjald fyrir aðstoð, rausnarlegar gjafir og annað sem ótilhlýðilegt er að veita viðtöku.

## NÚTÍMAPRÆLAHALD OG/EDA MANSAL

Faxaflóahafnir skuldbinda sig til að koma fram við alla, beina og óbeina starfsmenn, af reisn, fordómaleysi og virðingu – hvar sem þeir starfa. Faxaflóahafnir líða ekki neina tegund af gerviverktöku, nútíma-þrælahaldi og/eða mansali. Faxaflóahafnir einsetja sér að koma siðferðilega rétt fram og af heilindum og gagnsæi í öllum viðskiptum. Verði fyrirtæki uppvíst um slíkt athæfi leiðir slíkt til riftunar samnings.

## ALMENNA PERSÓNUVERNDARREGLUGERÐIN (GDPR)

Faxaflóahafnir bera lagalega skyldu til að fylgja þeim stefnum og verklagsreglum sem almenn persónuverndarreglugerð (GDPR) mælir fyrir um. Allt starfsfólk Faxaflóahafna, samstarfsaðilar, verktakar og birgjar verða að fylgja persónuverndarstefnu fyrirtækisins.

Við undirrituð staðfestum hér með að við höfum lesið og skilið siðareglur Faxaflóahafna og munum fylgja þeim viðmiðum sem nefnd eru í þeim.

Fyrirtæki: \_\_\_\_\_

Starfsheiti: \_\_\_\_\_

Nafn: \_\_\_\_\_

Dagsetning: \_\_\_\_\_